

**2000 nr. 50 16. maí****Lög um lausafjárkaup**

**Tóku gildi 1. júní 2001.** *EES-samningurinn:* XIX. viðauki tilskipun 1999/44/EB. *Breytt með:* L. 48/2003 (tóku gildi 1. júní 2003). L. 87/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 81/2019 (tóku gildi 1. janúar 2020 nema III. kafli og 1. mgr. 20. gr. sem tóku gildi 6. júlí 2019; *EES-samningurinn:* XIX. viðauki tilskipun 2013/11/ESB, reglugerð 524/2013, 2015/1051).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið.****■ 1. gr. Almennt gildissvið laganna.**

□ Lög þessi gilda um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum. Lögin gilda ekki um fasteignakaup.

□ Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

**■ 2. gr. Þöntunarkaup. Þjónustusamningar.**

□ Lög þessi gilda um þöntun hlutar sem búa skal til þegar sá sem pantar lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Lögin gilda hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign.

□ Lögin gilda ekki um samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans.

**■ 3. gr. Samningar og viðskiptavenjur.**

□ Ákvæði laga þessara eiga ekki við þegar annað leiðir af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi í millum aðila.

**■ 4. gr. . . . <sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

**■ 5. gr. Alþjóðleg kaup.**

□ Lög þessi gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögnum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

□ Sérreglur um alþjóðleg kaup gilda ekki í kaupum þegar seljandinn hefur atvinnustöð sína í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi eða Svíþjóð og kaupandinn hefur atvinnustöð sína í einhverju þessara landa (norræn kaup).

□ Sérreglurnar eiga ekki heldur við um:

a. . . . <sup>1)</sup>

b. kaup á uppboði,

c. sölu í framhaldi af fullnustugerð eða samkvæmt laga-boði,

d. kaup á verðbréfum, peningum, kröfum eða réttindum,

e. kaup á farartækjum, loftförum eða loftþrúðaskipum.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

**II. kafli. Afhendingin.****■ 6. gr. Reiðukaup.**

□ Söluhlutur skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandi hafði atvinnustöð sína (eða heimili, sbr. 83. gr.) þegar kaup voru gerð. Ef aðilar vissu þá að söluhlutur eða þær vörubirgðir eða framleiðslustaður sem hlut átti að taka frá var á öðrum stað skal hafa hlutinn til reiðu þar.

□ Söluhlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku.

**■ 7. gr. Staðarkaup og sendingarkaup.**

□ Ef söluhlutur skal færa kaupanda á sama stað eða innan þess svæðis þar sem seljandi er vanur að sjá um að flytja slíka hluti (staðarkaup) telst hlutur afhentur þegar honum er veitt viðtaka þar.

□ Ef senda skal söluhlut til kaupanda í öðrum tilvikum (sendingarkaup) og annað leiðir ekki af flutningsskilmálum eða öðrum samningi telst hlutur afhentur þegar hann hefur verið fenginn þeim flytjanda í hendur sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Ef seljandinn sér sjálfur um flutninginn telst afhending þá fyrst hafa átt sér stað þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku.

□ Ef hlutur er seldur „frítt“, „afhentur“ eða „afhentur frítt“ og gefinn er til kynna ákveðinn staður telst hluturinn ekki afhentur fyrr en hann er komin þangað.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

**■ 8. gr. Viðbótarskyldur við sendingarkaup.**

□ Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

□ Ef söluhlutur er ekki tryggður í flutningi skal seljandi tilkynna kaupanda það. Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef kaupandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem kaupandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

□ Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til kaupanda verður seljandi að tilkynna kaupanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutnum viðtöku.

**■ 9. gr. Afhendingartími.**

□ Ef hlut á ekki að afhenda samkvæmt kröfu eða án tafar og afhendingartímann leiðir ekki heldur með öðrum hætti af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð.

□ Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja hann, nema atvik sýni að kaupandi eigi að velja hann.

□ Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna kaupanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

**■ 10. gr. Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.**

□ Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

□ Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

**■ 11. gr. Kostnaður.**

□ Seljandi greiðir kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um kostnað sem stafar af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða kaupanda.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

**III. kafli. Áhættan af söluhlut.****■ 12. gr. Um það hvað í áhættu felst.**

□ Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til kaupanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

**■ 13. gr. Áhættuflutningur.**

□ Áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur ver-

ið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

□ Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku. . . .<sup>1)</sup>

□ Ef kaupandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **14. gr. Auðkenning söluhlutar.**

□ Áhættan flyst ekki yfir til kaupanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjölum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

■ **15. gr. Söluhlutur í flutningi.**

□ Ef kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi flyst áhættan yfir til kaupanda við lok samningsgerðar, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi tekið á sig áhættuna þegar frá þeirri stundu er hlutur var afhentur flutningsmanni þeim sem gaf út flutningsskjalið. Seljandi ber þó ávallt áhættuna af tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um.

□ . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **16. gr. Skil hlutar sem keyptur er með skilarétti.**

□ Ef söluhlutur hefur verið keyptur eða afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber kaupandi áhættuna samkvæmt ákvæðum þessa kafla þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar kaupandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

**IV. kafli. Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.**

■ **17. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

□ Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

□ Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í [1. og 2. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **18. gr. Upplýsingar um eiginleika eða notkun.**

□ Reglur um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

□ Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið

á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. [Þetta gildir]<sup>1)</sup> þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

□ Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.**

□ Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

□ Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

■ **20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.**

□ Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

□ Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggja að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vitavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

□ Reglur 2. mgr. gilda einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutnum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

■ **21. gr. Tímamark galla.**

□ Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

□ Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu.

**V. kafli. Úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Greiðsludráttur.**

■ **22. gr. Almenn ákvæði.**

□ Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er kaupanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 23.–29. gr. krafist efnda, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir kaupverðinu skv. 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

□ Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 2.

og 3. mgr. 25. gr. Um annað má semja . . . ,<sup>1)</sup> enda sé það kaupanda í hag.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **23. gr. Réttur til efnda.**

□ Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda. Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af efndum.

□ Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur kaupandi krafist efnda. Það er þó skilyrði að efndir verði ekki, miðað við þann tíma sem liðinn er, mun örðugri eða leiði til annars eðlis en þess sem seljandi gat vænst eða að öðru leyti sé ósanngjarnt að krefjast efnda.

□ Kaupandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

■ **24. gr. Fyrirspurnir.**

□ Nú beinir seljandi fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir kaupanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins tíma, en kaupandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur kaupandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

■ **25. gr. Riftun.**

□ Kaupandi getur rift kaupum þegar greiðsluáttur hefur í för með sér verulegar vanefndir.

□ Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem kaupandi hefur sett.

□ Meðan viðbótarfrestur er að líða getur kaupandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma eða ljóst er að hann muni ekki efna.

■ **26. gr. Riftun pöntunarkaup.**

□ Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda samkvæmt fyrirætlunum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur kaupandi því aðeins rift kaupunum að greiðsluáttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega. Ákvæði þetta gildir ekki um alþjóðleg kaup.

■ **27. gr. Skaðabætur.**

□ Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsluáttar af hálfu seljanda. Þetta gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsluáttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

□ Ef greiðsluáttur má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 1. mgr. Sama gildir ef greiðsluáttur má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

□ Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin, en hann láti það hjá líða.

□ Reglur í 1.–3. mgr. eiga ekki við um óbeint tjón skv. 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum ná reglurnar þó einnig til óbeins tjóns, nema annað leiði af 3. mgr. 70. gr.

□ Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef greiðsluáttur eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

■ **28. gr. Upplýsingaskylda um hindrun.**

□ Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna kaupanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fáir kaupandi ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur kaupandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

■ **29. gr. Riftunarfrestur.**

□ Ef hlutur er afhentur of seint getur kaupandi ekki rift kaupum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

**Gallar.**

■ **30. gr. Almenn ákvæði.**

□ Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

□ Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað . . . ,<sup>1)</sup> enda sé það kaupanda í hag.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **31. gr. Rannsókn kaupanda eftir afhendingu.**

□ Eftir afhendingu skal kaupandi, jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst, rannsaka söluhlut á þann hátt sem góð venja stendur til.

□ Ef flytja á hlut frá afhendingarstað getur kaupandi beðið með rannsókn þar til hluturinn er kominn á ákvörðunarstað.

□ Breyti kaupandi ákvörðunarstað meðan hlutur er í flutningi eða sendi hlut áfram án þess að hafa haft sanngjarnt tækifæri til að rannsaka hann, og hafi seljandi við kaupin vitað eða mátt vita um möguleikann á slíkri breytingu eða framsendingu, má láta rannsókn bíða þar til hluturinn er kominn á hinn nýja ákvörðunarstað.

□ . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **32. gr. Tilkynning.**

□ Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fölginn. . . .<sup>1)</sup>

□ Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

□ Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **33. gr. Undantekningar frá reglum um tilkynningar.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. getur kaupandi borið fyrir sig galla ef seljandi hefur sýnt af sér vitavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

■ **34. gr. Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.**

□ Kaupandi getur krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning ef það verður gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Seljandi getur þess í stað afhent nýjan hlut í samræmi við ákvæði 36. gr.

□ Kaupandi getur krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun eða sams konar ósamræmi og um ræðir í 23. gr. Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar ef hlutur var til staðar við kaup og hefur slíka eiginleika miðað við væntingar aðila að ekki er með sanngirni unnt að krefjast þess að hann verði bættur með öðrum hlut.

□ Ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla.

■ **35. gr. Tilkygning um kröfu um úrbætur og nýja afhendingu.**

□ Kaupandi glatar rétti sínum til þess að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samtímis tilkygningu skv. 32. gr. eða innan sanngjarns frests frá þeim tíma. Kaupandi heldur þó rétti sínum ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir á annan hátt gegn heiðarleika og góðri trú.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **36. gr. Réttur seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar.**

□ Þótt kaupandi krefjist þess ekki er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það er unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þeirrar áhættu að kaupandi fái ekki bætt útgjöld sín hjá seljanda.

□ Nú spyr seljandi kaupanda hvort hann samþykki úrbætur eða nýja afhendingu eða seljandi skýrir kaupanda frá því að hann vilji bæta úr eða afhenda annan hlut innan tiltekins tíma. Ef kaupandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar getur seljandi gert nauðsynlegar ráðstafanir innan þess tíma sem nefndur var.

□ Seljandi getur ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki fengið tækifæri til úrbóta eða nýrrar afhendingar þegar kaupandinn hefur séð um að bæta úr gallanum og það yrði talið ósanngjarnt, miðað við aðstæður, að krefjast þess af kaupanda að hann biði eftir úrbótum seljanda eða nýrri afhendingu.

■ **37. gr. Afsláttur eða riftun þegar ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu.**

□ Ef úrbætur eða ný afhending koma ekki til álita eða ekki verður af þeim innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði yfir galla getur hann krafist afsláttar af kaupverði eða rift kaupunum samkvæmt ákvæðum 38. eða 39. gr. Þetta gildir ekki ef kaupandi hafnar úrbótum sem hann er skyldur til að þiggja.

□ Kaupandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða kaup á notuðum hlutum á uppboði.

■ **38. gr. Afsláttur af kaupverði.**

□ Ef hlutur er gallaður getur kaupandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afslátturinn reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og sammingsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

■ **39. gr. Riftun.**

□ Kaupandi getur rift kaupum ef meta má galla til verulegra vanefnda.

□ Kaupandi getur ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk

eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur sá er útrunninn sem leitt getur af kröfu eða tilkygningu samkvæmt ákvæðum 34. eða 36. gr. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.

■ **40. gr. Skaðabætur.**

□ Kaupandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, nema seljandinn sanni að þá megi rekja til hindrana þeirra sem nefndar eru í 27. gr. Reglur 27. og 28. gr. eiga hér við.

□ Reglur 1. mgr. eiga ekki við um sams konar óbeint tjón og nefnt er í 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum eiga reglurnar þó einnig við um óbeint tjón, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr. 70. gr.

□ Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef

a. gallann eða tjónið má rekja til mistaka eða vanrækslu seljanda eða

b. hlutur var ekki þegar við sammingsgerð í samræmi við það sem heitið var af seljanda.

**Vanheimild o.fl.**

■ **41. gr. Vanheimild. Aðrar kröfur þriðja manns.**

□ Ef þriðji maður á eignarrétt, veðrétt eða annan rétt yfir söluhlut (vanheimild) gilda reglurnar um galla eftir því sem við á, nema leiða megi af samningi að kaupandi hafi átt að taka við hlutum með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Reglan um tveggja ára tilkygningarfrest skv. 2. mgr. 32. gr. gildir þó ekki.

□ Kaupandi getur í öllum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum vanheimildar sem var til staðar við kaupin, enda hafi hann hvorki vitað né mátt vita um vanheimildina.

□ Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir söluhlut og kröfu hans er andmælt gilda ákvæði 1. og 2. mgr. eftir því sem við á, nema augljóst sé að krafa þriðja manns eigi ekki við nein rök að styðjast.

□ Reglur 1. mgr. gilda eftir því sem við á þegar krafa þriðja manns byggist á hugverka- eða auðkennarétti hans, sbr. ákvæði 96. gr. Um annað má semja . . . <sup>1)</sup> enda sé það kaupanda í hag.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

**Önnur ákvæði.**

■ **42. gr. Réttur kaupanda til að halda eftir kaupverði.**

□ Ef kaupandi á kröfu á hendur seljanda vegna vanefnda hins síðarnefnda getur kaupandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

■ **43. gr. Vanefndir að því er varðar hluta hins selda.**

□ Ef vanefndir seljanda varða einvörðungu hluta hins selda eiga reglur þessa kafla við að því er þann hluta varðar. Kaupandi getur rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni.

□ Ef ráða má af atvikum að seljandi hafi lokið afhendingu af sinni hálfu, þótt umsamið magn hafi ekki allt verið afhent, eiga reglurnar um galla við.

■ **44. gr. Afhending í áföngum.**

□ Ef seljandi á að afhenda hið selda í áföngum og vanefndir verða á tiltekinni afhendingu getur kaupandi rift kaupum að því er hana varðar samkvæmt reglunum um riftun.

□ Ef vanefndir veita kaupanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar þannig að riftunarréttur skapist getur kaupandi á þeim grundvelli einnig rift að því er síðari afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

□ Ef kaupandi riftir kaupum að því er eina afhendingu varðar getur hann samtímis rift kaupunum varðandi fyrri eða síðari afhendingar ef slíkt samhengi er milli þeirra að þær nýtist ekki í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina.

## VI. kafli. Skyldur kaupanda. Kaupverð.

### ■ 45. gr.

□ Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi skal kaupandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

### ■ 46. gr.

□ Ef kaupverðið á að ráðast af fjölda, máli eða þyngd skal við þetta miðað á þeim tíma þegar áhættan af söluhlutum flyst frá seljanda til kaupanda.

□ Þegar kaupverðið er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða.

### ■ 47. gr.

□ Ef kaupandi hefur fengið reikning eða orðsendingu er hann bundinn við það verð sem þar kemur fram ef hann segir ekki til um það innan sanngjarns tíma að hann samþykki verðið ekki. Þetta á ekki við þegar lægra verð leiðir af samningi eða uppsett verð er ósanngjarnt.

## Greiðsla kaupverðsins.

### ■ 48. gr.

□ Kaupverðið skal greiða á atvinnustöð seljanda. Ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals skal greiðslan innt af hendi á afhendingarstaðnum.

□ Auk greiðslu í reiðufé er kaupanda heimilt að inna greiðslu af hendi með öðrum viðurkenndum greiðsluaðferðum. Í skyldu til þess að greiða kaupverðið felst einnig skylda til þess, í samræmi við ákvæði samningsins, að samþykkja víxil, leggja fram bankatryggingu, bankaábyrgð eða aðra tryggingu og gera aðrar þær ráðstafanir sem greiðsla kaupverðsins er komin undir.

□ Seljandinn ber ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem stafar af því að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð.

### ■ 49. gr.

□ Leiði greiðslutíma ekki af kaupsamningnum skal kaupandinn greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess, en þó ekki fyrr en hluturinn er afhentur kaupanda eða stendur honum til ráðstöfunar í samræmi við samninginn og lög þessi.

□ Áður en kaupandinn greiðir kaupverðið á hann þó rétt á að rannsaka hlutinn á venjulegan hátt ef það er ekki ósamrýmanlegt umsaminni aðferð við afhendingu og greiðslu kaupverðsins.

□ Nú er farmbréf notað við flutning söluhlutar til ákvörðunarstaðarins eða flutningurinn fer að öðru leyti fram með þeim skilmálum að seljandinn getur ekki ráðið yfir hlutum eftir greiðslu. Má þá krefjast greiðslu gegn afhendingu flutnings-skjals, farmbréfs eða annarrar sönnunar fyrir því að hluturinn verði fluttur með slíkum skilmálum. Þetta gildir þótt hluturinn sé ekki kominn fram eða kaupandinn hafi ekki haft tækifæri til að rannsaka hann.

## Atbeini kaupanda að efnudum kaupa.

### ■ 50. gr.

□ Kaupanda er skylt

a. að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og

b. taka við hlutum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.

## VII. kafli. Úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda.

### ■ 51. gr. Almenn ákvæði.

□ Ef kaupandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, getur seljandinn krafist efnda, riftunar og skaðabóta í samræmi við ákvæði þessa kafla. Hann getur einnig haldið eftir greiðslum skv. 10. gr. og krafist vaxta skv. 71. gr.

□ Sinni kaupandi ekki þeirri skyldu sinni að veita söluhlut viðtöku, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, gilda ákvæði 55. gr., 2. mgr. 57. gr. og 58. gr.

□ Réttur seljanda til skaðabóta og vaxta fellur ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða við það að slík úrræði verði ekki höfð uppi.

### ■ 52. gr. Réttur til efnda með því að krefjast greiðslu. Afpöntun.

□ Seljandi getur haldið fast við kaupin og krafist kaupanda um greiðslu kaupverðsins. Þetta gildir þó ekki á meðan ekki er unnt að greiða vegna stöðvunar samgangna eða greiðslumiðlunar eða vegna annarra atvika sem kaupandi getur hvorki stjórnað né yfirunnið.

□ Nú afpantar kaupandi hlut sem skal sérstaklega útbúinn fyrir hann. Getur seljandi þá ekki haldið fast við kaupin með því að halda gerð hlutarins áfram eða gert aðrar ráðstafanir til afhendingar ásamt því að krefjast greiðslu, nema því aðeins að stöðvun hafi í för með sér verulegt óhagræði fyrir hann eða hættu á því að hann fái ekki bætt það tjón sem afpöntun hefur í för með sér. Ef seljandi getur ekki haldið fast við kaupin skal ákveða skaðabætur fyrir það tjón, sem afpöntunin veldur, samkvæmt reglum X. kafla.

□ Ef hlutur hefur ekki verið afhentur glatar seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja slíka kröfu fram.

### ■ 53. gr. Krafa um að kaupandi stuðli að efnudum.

□ Um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu kaupanda að hann stuðli að efnudum gilda ákvæði 23. gr. eftir því sem við á.

### ■ 54. gr. Riftun þegar kaupandi greiðir ekki.

□ Seljandi getur rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins þegar um verulegar vanefndir af hálfu kaupanda er að ræða.

□ Einnig er unnt að rifta kaupum þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efnanna.

□ Seljandi getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

□ Ef kaupandi hefur þegar veitt söluhlut viðtöku getur seljandi því aðeins rift kaupunum að hann hafi gert um það fyrirvara eða kaupandi hafnar hlutum. Í alþjóðlegum kaupum er þó unnt að rifta kaupum án slíks fyrirvara ef riftun hefur ekki áhrif á þann rétt sem þriðji maður, þ.m.t. bú kaupanda, hefur yfir hlutum.

■ **55. gr. Riftun þegar kaupandi stuðlar ekki að kaupum.**

□ Seljandi getur rift kaupum ef kaupandi stuðlar ekki að þeim og vanefndir hans eru verulegar. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift kaupunum þegar kaupandi veitir hlut ekki viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

□ Einnig er unnt að rifta kaupunum þegar kaupandinn innan sanngjarns viðbótarfrests, sem seljandinn hefur sett honum til efnda,

a. stuðlar ekki að kaupum eða

b. veitir ekki söluhlut viðtöku þegar seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

□ Meðan viðbótarfrestur er að líða getur seljandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

■ **56. gr. Afhending í áföngum.**

□ Ef seljandi á að afhenda í áföngum og kaupandi að greiða eða stuðla að efdum varðandi hverja afhendingu og vanefndir verða af kaupanda hálfu á tiltekinni afhendingu getur seljandi rift að því er hana varðar samkvæmt reglum 54. og 55. gr.

□ Ef vanefndir veita seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að slíkar vanefndir verði á síðari afhendingum að riftunarréttur skapist getur seljandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er þær afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

■ **57. gr. Skaðabætur.**

□ Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum greiðsludráttar kaupanda. Þetta á þó ekki við meðan kaupandi sýnir fram á að greiðsludráttur stafi af stöðvun almennra samgangna eða greiðslumiðlunar eða annarri hindrun sem kaupandi hefur ekki stjórn á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað haft í huga við samningsgerðina, komist hjá afleiðingunum af eða yfirrunnið. Reglur 2. og 3. mgr. 27. gr. gilda eftir því sem við á.

□ Seljandi getur krafist skaðabóta samkvæmt reglum 27. gr. fyrir það tjón sem hann bíður og stafar af því

a. að kaupandi stuðlar ekki að efdum á kaupunum eða

b. kaupandi veitir hlut ekki nógu snemma viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur af því sérstaka hagsmuni að losna við hlutinn.

■ **58. gr. Upplýsingaskylda um hindrun.**

□ Ef hindrun tálmar því að kaupandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna seljanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til efnda. Fá seljandi ekki slíka tilkynningu innan sanngjarns tíma frá því að kaupandinn vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist bóta fyrir það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna í tíma.

■ **59. gr. Riftunarfrestur seljanda.**

□ Ef kaupverðið hefur verið greitt getur seljandi ekki rift kaupunum, nema hann hafi tilkynnt kaupanda um það

a. við drátt á efdum af hálfu kaupanda áður en seljandi fékk að vita um efdur kaupanda eða

b. við aðrar vanefndir án ástæðulauss dráttar frá því að hann vissi eða mátti vita um vanefndir eða eftir að hæfilegur viðbótarfrestur skv. 2. mgr. 55. gr. er liðinn.

■ **60. gr. Ákvörðun um einkenni hlutar.**

□ Nú á kaupandi að ákveða lögum hlutar, mál eða aðra eiginleika hans og gerir það ekki á umsömdum tíma eða án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk um það hvatningu frá seljanda. Getur seljandi þá sjálfur ákveðið þessi einkenni

í samræmi við það sem hann má ætla að séu hagsmunir kaupanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að seljandi geti haldið fram öðrum kröfum sem hann á.

□ Seljandi skal upplýsa kaupanda um þau einkenni sem hann ákveður skv. 1. mgr. og veita kaupanda hæfilegan frest til að gera á þeim breytingar. Geri kaupandi það ekki án ástæðulauss dráttar, eftir að hafa fengið tilkynningu frá seljanda, verður ákvörðun seljanda um einkennin bindandi.

**VIII. kafli. Sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluprot o.fl.**

■ **61. gr. Stöðvun greiðslu vegna fyrirsjáanlegra vanefnda o.fl.**

□ Ef í ljós kemur eftir kaup vegna framferðis samningsaðila eða vegna alvarlegs brests á greiðslugetu hans eða möguleikum til efnda að hann muni ekki efna verulegan hluta af skyldum sínum getur gagnaðili stöðvað efnir af sinni hálfu og haldið eftir sinni greiðslu.

□ Ef seljandi hefur þegar sent hlutinn og í ljós koma þau atriði varðandi kaupanda sem um getur í 1. mgr. getur seljandi varnað því að söluhlutur verði afhentur kaupanda eða búi hans. Þetta á við þótt kaupandi eða bú hans hafi veitt flutningsskjölum viðtöku.

□ Sá aðili, sem stöðvar efnir eða varnar því að hlutur sé afhentur, skal strax tilkynna gagnaðila sínum það. Farist það fyrir getur gagnaðili krafist skaðabóta fyrir það tjón sem unnt hefði verið að komast hjá ef tilkynning hefði verið send.

□ Samningsaðili, sem hefur stöðvað efnir eða varnað því að hlutur yrði afhentur, verður að halda efdum áfram ef gagnaðili setur fullnægjandi tryggingar fyrir efdum af sinni hálfu.

■ **62. gr. Riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda.**

□ Ef ljóst er fyrir efnatíma að koma muni til vanefnda sem veita aðila rétt til riftunar getur hann rift kaupunum áður en efnatíminn er kominn. Varna má riftun ef gagnaðili setur strax fullnægjandi tryggingar af sinni hálfu fyrir því að staðið muni verða við kaupin.

□ Ef tími vinnst til skal sá aðili, sem rifta vill kaupum, vara gagnaðila sinn við þannig að honum gefist færi á að verða sér úti um tryggingar til að varna riftuninni.

■ **63. gr. Gjaldprot.**

□ Um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldprotts samningsaðila fer eftir lögum um gjaldprotaskipti.

**IX. kafli. Sameiginlegar reglur um riftun eða nýja afhendingu.**

■ **64. gr. Réttaráhrif.**

□ Þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður.

□ Hafi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur tekið við. Sama á við þegar aðili á rétt til skaðabóta eða vaxta og fullnægjandi trygging er ekki sett.

□ Ef seljandinn á að afhenda á ný getur kaupandi haldið hjá sér því sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju.

□ Riftun hefur engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni.

■ **65. gr.** *Afrakstur og vextir þegar greiðslum er skilað.*

□ Þegar kaupum er rift skal kaupandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

□ Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði 71. gr. frá þeim degi er hann tók við greiðslunni.

■ **66. gr.** *Missir réttar til riftunar og afhendingar á ný.*

□ Kaupanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar kaupandi veitti honum viðtöku. Kaupandi glatar þó ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar

a. ástæður þess að ekki er unnt að skila hlutum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hans eða annarra aðstæðna sem ekki varða kaupandann;

b. hluturinn hefur rýrnað, skemmst eða eyðilagst og það má rekja til verknaðar sem gera varð til að ganga úr skugga um hvort hann væri gallaður; eða

c. hluturinn hefur verið seldur í heild eða að hluta í venjulegum viðskiptum eða hann hefur verið notaður eða honum breytt af kaupanda við fyrirhuguð not áður en kaupanda varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem leiðir til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný.

□ Kaupandi glatar ekki heldur réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutum. Ákvæði þetta gildir ekki í alþjóðlegum kaupum.

**X. kafli. Umfang skaðabóta. Vextir.**

■ **67. gr.** *Almennar reglur.*

□ Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirmi séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

□ Með óbeinu tjóni er átt við:

a. tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum (rekstrarstöðvun);

b. tjón sem rekja má til þess að hlutur kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt;

c. tjón sem rekja má til tapaðs hagnaðar, þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur, en aðeins að því marki sem kaupandi lætur án sanngjarnrar ástæðu hjá líða að gera samning við annan aðila eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni sínu;

d. tjón sem rekja má til skemmda á öðru en söluhlutum sjálfum, svo og hlutum sem hann er notaður til framleiðslu á eða standa í nánun og beinu sambandi við fyrirhuguð not hans.

□ Reglur 2. mgr. eiga ekki við um kostnað vegna:

a. venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr þegar söluhlut seinkar eða hann er gallaður eða

b. ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem 2. mgr. nær til.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **68. gr.** *Verðmunur við staðgönguráðstafanir.*

□ Ef kaupum er rift og kaupandi kaupir af öðrum (staðgöngukaup) eða seljandi selur öðrum (staðgöngusala) með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma frá riftun

skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og verðið við staðgönguráðstöfunina.

■ **69. gr.** *Verðmunur þegar ekki er um staðgönguráðstafanir að ræða.*

□ Ef kaupum er rift án þess að gerðar séu staðgönguráðstafanir þær sem um ræðir í 68. gr. og unnt er að staðreyna gangverð söluhlutar skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og gangverðið á riftunartímanum. Ef kaupum er rift eftir að söluhlut hefur verið veitt viðtaka skal í þess stað miða við gangverðið þegar afhendingin átti sér stað.

□ Gangverð er það verð sem er á sambærilegum hlutum á afhendingarstað. Þegar ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað skal miða við verðið á öðrum stað sem með sanngirmi má jafna til afhendingarstaðarins, þó þannig að taka skal tillit til munar á flutningskostnaði.

■ **70. gr.** *Skilyrði til að takmarka tjón. Mildun ábyrgðar. Alþjóðleg kaup.*

□ Samningsaðila, sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila, er með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Vanræki hann það ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem af því leiðir.

□ Skaðabætur má lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda þegar litið er til fjárhæðar tjónsins í samburði við það fjártjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

□ Í alþjóðlegum kaupum ná skaðabætur eingöngu til þess tjóns sem samningsaðili gat með sanngirmi búist við að leiða mundi af vanefndum hans í ljósi þeirra atvika sem hann þekkti eða mátti þekkja þegar samningur var gerður. Skaðabætur í slíkum kaupum verða ekki lækkaðar samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

■ **71. gr.** *Vextir.*

□ Ef kaupverðið eða önnur vangoldin fjárhæð er ekki greidd á réttum tíma ber skuldara að greiða vexti af fjárhæðinni í samræmi við ákvæði vaxtalaga, þ.m.t. hvað varðar vaxtafót, upphafstíma vaxta og útreikning vaxta.

**XI. kafli. Umönnun söluhlutar.**

■ **72. gr.** *Skilyrði seljanda til umönnunar.*

□ Nú sækir kaupandi ekki söluhlut eða veitir honum ekki viðtöku á réttum tíma eða önnur atvik, sem kaupanda varða, leiða til þess að hann fær hlutinn ekki afhentan. Skal seljandi þá á kostnað kaupanda annast um hlutinn með þeim hætti sem sanngjarn er miðað við aðstæður, enda hafi hann hlutinn í vörslum sínum eða geti með öðrum hætti annast hann.

■ **73. gr.** *Skilyrði kaupanda til umönnunar.*

□ Hafni kaupandi söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku skal hann á kostnað seljanda annast um hlutinn á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður.

□ Hafni kaupandi söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til ráðstöfunar á ákvörðunarstað skal hann annast um hlutinn á kostnað seljanda, enda sé honum það kleift án þess að greiða kaupverðið eða baka sér með því ósanngjörnum útgjöld eða óhagræði. Þetta á þó ekki við ef seljandi sjálfur eða einhver á hans vegum getur annast hlutinn á ákvörðunarstað.

■ **74. gr.** *Umönnun af hálfu þriðja manns.*

□ Samningsaðili, sem annast skal um söluhlut, getur falið það þriðja manni á kostnað gagnaðila, enda sé ekki óhæfilegur kostnaður því samfara. Samningsaðili er laus undan ábyrgð sinni hafi vörslumaður verið valinn með forsvaranlegum hætti og veitt hlutum viðtöku.

■ **75. gr. Skaðabætur og trygging fyrir kostnaði.**

□ Samningsaðili, sem annast um söluhlut á kostnað gagnaðila, á rétt til endurgreiðslu hæfilegs kostnaðar sem af því hlýst. Hann getur haldið hlutnum hjá sér þar til kostnaðurinn hefur verið greiddur eða nægileg trygging sett.

■ **76. gr. Sala.**

□ Samningsaðila, sem skylt er að annast um söluhlut, er heimilt að selja hlutinn ef hann getur ekki annast um hann án þess að baka sér verulegan kostnað. Sama gildir ef gagnaðili dregur óhæfilega lengi að taka við hlutnum eða greiða kaupverðið og geymslukostnað.

□ Ef hætt er við að hlutur rýrni fljótt eða eyðileggist eða kostnaður við geymslu hans verði óhæfilega mikill ber að selja hlutinn ef þess er nokkur kostur.

□ Standa skal að sölu með forsvaranlegum hætti. Ef kostur er skal gera gagnaðila viðvart um það með hæfilegum fyrirvara að hluturinn muni verða seldur.

■ **77. gr. Önnur ráðstöfun en sala.**

□ Ef aðili hefur heimild til sölu samkvæmt ákvæðum 76. gr., en hluturinn selst ekki eða ljóst er að söluandvirðið nægir ekki fyrir sölukostnaði, er aðila heimilt að ráðstafa hlutnum með öðrum forsvaranlegum hætti. Vara skal gagnaðila við sé þess kostur.

■ **78. gr. Reikningsgerð og reikningsfærsla.**

□ Samningsaðili, sem annast hefur um söluhlut, skal reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti og gera honum reikning fyrir kostnaði sínum. Það sem umfram er fellur til gagnaðila.

**XII. kafli. Arður og annar afrakstur.**

■ **79. gr. Afrakstur af söluhlut.**

□ Afrakstur af söluhlut, sem verður til fyrir umsaminn afhendingartíma, fellur til seljanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að afraksturinn félli til síðar. Afrakstur, sem síðar verður til, fellur til kaupanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að hann félli til fyrr. Heimilt er að semja á annan veg . . . ,<sup>1)</sup> enda sé það kaupanda í hag.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **80. gr. Hlutir.**

□ Kaup á hlutum ná til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Sama gildir um réttinn til áskriftar að nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin.

■ **81. gr. Krafa sem ber vexti.**

□ Kaup á kröfu sem ber vexti ná til áfallinna vaxta sem ekki eru gjaldfallnir á umsömdum afhendingartíma. Greiða skal jafnvirði vaxtanna sem viðbót við kaupverðið, enda hafi krafan ekki verið seld sem óvís krafa.

**XIII. kafli. Nokkur almenn ákvæði.**

■ **82. gr. Áhættan af sendingu tilkynninga.**

□ Nú sendir samningsaðili tilkynningu í samræmi við ákvæði laga þessara og á þann hátt sem forsvaranlegt er miðað við aðstæður. Komi annað ekki fram getur sendandinn byggt á því að tilkynningin hafi verið send nógu snemma þótt henni seinki, mistök verði við sendinguna eða hún nái ekki til gagnaðila.

■ **83. gr. Atvinnustöð.**

□ Ef samningsaðili hefur fleiri en eina atvinnustöð og atvinnustöð hans skiptir máli skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð.

□ Ef samningsaðili hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum skal miðað við heimili hans.

**XIV. kafli. Krafa á hendur fyrri söluaðila.**

■ **84. gr. Skilyrði kröfu á hendur fyrri söluaðila.**

□ [Kaupandi getur],<sup>1)</sup> ef annað leiðir ekki af samningi, gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans.

□ . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **85. gr. Tilkynning.**

□ Kaupandi skal setja kröfu sína á hendur fyrri söluaðila fram án ástæðulauss dráttar frá því að honum varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um gallann. Í síðasta lagi skal hann setja kröfu sína fram áður en liðnir eru þeir tilkynningarfrestrir sem gilda í samskiptum seljanda og fyrri söluaðila.

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Kaupandi skal svo fljótt sem tilefni gefst tilkynna fyrri söluaðila hvers hann krefst.

<sup>1)</sup> L. 48/2003, 64. gr.

■ **86. gr. Ábyrgð á upplýsingum skv. 18. gr.**

□ Þegar sá er hlut hefur búið til eða annar fyrri söluaðili hefur gefið upplýsingar þær sem nefndar eru í 2. mgr. 18. gr. ber hann ábyrgð á því tjóni sem kaupandinn verður fyrir vegna upplýsinganna, eftir atvikum óskipt með seljanda. Reglur 40. gr. eiga við með sama hætti.

**XV. kafli. Sérreglur um alþjóðleg kaup.**

■ **87. gr. Alþjóðleg kaup.**

□ Með alþjóðlegum kaupum er í lögum þessum átt við kaup milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum, enda komi þetta fram í samningi, leiði af fyrri viðskiptum aðila eða megi ráða af upplýsingum sem þeir hafa veitt áður eða á þeim tíma er kaup voru gerð.

■ **88. gr. Túlkun laganna. Óleyst álítaefni. Beinar efnidir.**

□ Í alþjóðlegum kaupum skal við túlkun á ákvæðum laganna taka tillit til þess að nauðsynlegt er að samræma beitingu þeirra reglna sem byggðar eru á samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um alþjóðleg lausafjárkaup, svo og alþjóðlegs eðlis þeirra. Einnig skal taka tillit til nauðsynjar á heiðarleika og góðrar trúar í alþjóðlegum viðskiptum.

□ Úr álítaefnum vegna atvika, sem samningur Sameinuðu þjóðanna fjallar um en hann leysir ekki úr með afgerandi hætti, skal leysa í samræmi við meginreglur samningsins og að öðru leyti í samræmi við þau landslög sem beita ber samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

□ Um kröfu um beinar efnidir, sem ákvarða skal hér á landi eða á grundvelli íslenskra réttarreglna, gilda ávallt ákvæði laga þessara, sbr. 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna.

■ **89. gr. Túlkun á yfirlýsingu aðila.**

□ Yfirlýsingu aðila og aðrar athafnir skal túlka í samræmi við vilja hans þegar gagnaðili vissi eða mátti vita hver ætlin var. Ella ber að leggja þann skilning til grundvallar sem skynsamur maður í sömu aðstöðu mátti með sanngirni hafa við sambærilegar aðstæður.

□ Þegar ákveða skal ætlun eða skilning skv. 1. mgr. skal taka tillit til allra atvika málsins sem þýðingu hafa, svo sem viðræðna, fyrri framkvæmdar milli aðila, verslunarvenju og síðari athafna aðila.

■ **90. gr. Verslunarvenja.**

□ Ef annað leiðir ekki af samningi eru aðilar bundnir af verslunarvenjum sem þeir þekktu eða máttu þekkja og eru vel þekktar í alþjóðlegum viðskiptum og er yfirleitt fylgt af



aðilum í sambærilegum viðskiptasamböndum. Telst verslunarvenjan þá hluti af samningi aðila.

■ **91. gr. Munnlegur eða skriflegur samningur.**

□ Kaup þarf hvorki að gera né staðfesta skriflega, og um þau gilda engar aðrar formkröfur. Sönnur má leiða að kaupum með sérhverju tiltæku sönnunargagni, þ.m.t. vitnum.

□ Samningi má breyta eða ljúka ef aðilar eru um það sam- mála sín í milli.

□ Skriflegum samningi, sem ákveður að breytingu eða lok samnings skuli gera skriflega, verður ekki breytt eða honum lokið með öðrum hætti. Aðili getur þó með athöfnum sínum fyrirgert rétti sínum til að byggja á slíkum ákvæðum ef gagnaðili hefur gert ráðstafanir í trausti þeirra athafna.

■ **92. gr. Erlend löggjöf sem krefst skriflegs samnings.**

□ Ákvæði 91. gr. eiga ekki við í alþjóðlegum kaupum ef annar samningsaðilinn hefur atvinnustöð sína í samningsríki þar sem ekki eru í löggjöf viðurkenndir aðrir samningar en þeir sem eru gerðir skriflega, enda hafi ríkið gefið yfirlýsingu í samræmi við 96. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup frá 1980.

■ **93. gr. Símskeyti og telexskeyti.**

□ Ákvæði 91. og 92. gr. laga þessara standa því ekki í vegi að nota megi símskeyti, telexskeyti, símbréf og aðrar rafrænar sendingar manna á milli, enda sé unnt að sannreyna falsleysi yfirlýsingar og staðfesta það.

■ **94. gr. Verulegar vanefndir.**

□ Vanefndir samningsaðila teljast verulegar ef þær leiða til slíks tjóns fyrir gagnaðila að hann telst af þeirra völdum mun verr settur en hann mátti með réttu vænta samkvæmt samningnum, nema því aðeins að sá aðili, sem vanefnir, hafi ekki getað séð það fyrir og ekki heldur skynsamur maður í sömu stöðu og við sömu aðstæður gat með sanngirni séð fyrir.

■ **95. gr. Afhending og leiðrétting skjala.**

□ Ef seljanda er skylt að afhenda skjal er varðar hlutinn skal hann afhenda það á þeim tíma og stað og í því ástandi sem um var samið. Hafi seljandi afhent skjalið fyrir umsaminn tíma getur hann, áður en afhendingartími er kominn, leiðrétt galla á skjalinu ef það veldur gagnaðila ekki óréttmætu óhagræði eða kostnaði. Kaupandi glatar þrátt fyrir það ekki rétti sínum til skaðabóta.

■ **96. gr. Höfundaréttur þriðja manns, iðnaðarréttindi o.fl.**

□ Seljandi skal afhenda söluhlut án takmarkana sem rekja má til höfundaréttar þriðja manns, réttinda þriðja manns á sviði iðnaðar eða annarra hugverkaréttinda sem seljandinn vissi eða mátti vita um á samningstímanum ef réttinn eða kröfuna má rekja:

a. til laga í því ríki þar sem hlutinn skal endurselja eða

nota ef það var skilningur aðila við samningsgerðina að hlutinn skyldi selja eða nota í því ríki eða

b. í öðrum tilvikum til laga í því ríki þar sem kaupandi hefur atvinnustöð sína við samningsgerðina.

□ Skyldur seljanda skv. 1. mgr. eiga ekki við þegar:

a. kaupandi vissi eða mátti vita við samningsgerðina um réttinn eða kröfuna eða

b. rétturinn eða krafan er afleiðing þess að seljandinn hefur fylgt tæknilegum teikningum, lýsingum, fyrirsögnum, hönnun eða öðrum leiðbeiningum sem kaupandi hefur lagt til.

■ **97. gr. Undantekningar frá reglum um tilkynningar.**

□ Seljandi getur ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi vanrækt rannsókn skv. 31. gr. eða vanrækt að senda tilkynningar skv. 32. gr. ef seljandi vissi eða mátti vita um þau atvik er varða gallann án þess að upplýsa kaupandann um þau.

□ Þegar um vanheimild eða aðra kröfu þriðja manns skv. 41. eða 96. gr. er að ræða getur seljandi ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi sýnt slíka vanrækslu sem um ræðir í 1. mgr. ef seljandi vissi um réttinn eða kröfuna og inntak þeirra. Regla 2. mgr. 32. gr. um tveggja ára tilkynningarfrest gildir ekki um slíkar kröfur.

□ Þótt kaupandi hafi ekki sent tilkynningar þær sem um ræðir í 1. mgr. 32. gr. getur hann krafist afsláttar eða skaðabóta fyrir annað tjón en missi hagnaðar hafi hann haft sanngjarna ástæðu til að láta hjá líða að senda slíkar tilkynningar.

■ **98. gr. Afhending of snemma eða í of miklu magni.**

□ Ef söluhlutur er afhentur of snemma getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað henni, enda gæti hann umönnunarskyldu sinnar.

□ Ef afhent er meira magn en um var samið getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað því sem umfram er. Samþykki kaupandi það magn sem umfram hefur verið afhent, í heild eða að hluta, skal kaupverðið fyrir umframmagnið reiknast hlutfallslega á grundvelli þess verðs sem leiðir af samningnum.

**XVI. kafli. [Gildistaka o.fl.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 81/2019, 24. gr.

■ **[99. gr. . . . ]<sup>1)2)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 81/2019, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 87/2006, 1. gr.

■ **[100. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

□ . . .

□ Lög þessi gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna.

<sup>1)</sup> L. 87/2006, 1. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . . ]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 87/2006, 3. gr.